

Ed. 45. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:
Breytingar á verðákvæðum í gjaldskráum orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér að vegna fyrirhugaðra stórfelldra hækkana á gjaldskráum orkufyrirtækja þann 1. maí 1983 og til að styrkja heildarstjórn á verðlagningu á raforku og heitu vatni til almenningsveitna, og þar sem ekki vannst tími til að afgreiða á 105. löggjafarþingi stjórnarfrumvarp þessa efnis beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, er varða eftirlit með verðákvæðum í gjaldskráum orkufyrirtækja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:
Breytingar á verðákvæðum í gjaldskráum orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.